



Skipulagsnefnd - 13.10.2014

04. fundur

13. október 2014, kl 13:00-14:30

Fundarstaður: Hótel Reyhlið

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, form.

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Geiteyjarströnd. Tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi.*
2. *Kálfaströnd, stígagerð. Umsókn um framkvæmdaleyfi*
3. *Grímsstaðir. Tillaga að deiliskipulagi hótellóðar.*

1. Geiteyjarströnd. Tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi.

S20130202

Tekið fyrir að nýju erindi sem upphaflega var á dagskrá nefndarinnar á 25. fundi hennar 25. febrúar 2013. Sveitarstjórn samþykkti að kynna lýsingu sem varðar breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 á fundi sínum þann 5. júní s.l. vegna stækkunar á landnotkunarreit **325-O/V**. Leitað var umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hún kynnt fyrir almenningi, eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um, frá og með 9. júlí til og með 30. júlí s.l.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Minjastofnun og Vegagerðinni.

Skipulagsnefnd heimilaði á fundi sínum 21. ágúst s.l. áframhaldandi vinnu við deiliskipulagið og breytingu á aðalskipulagi og beindi þeim tilmælum til skipulagsráðgjafa og framkvæmdaraðila að í þeirri vinnu yrði tekið tillit til framkominna athugasemda/umsagna eins og kostur væri.

Innkomin eftirfarandi ný gögn:

1. Breytingarblað vegna breytinga á aðalskipulagi, dags 9. október 2014 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem gerð er til samræmis við fyrirliggjandi drög að deiliskipulagi.
2. Drög að deiliskipulagi dags. 9. október frá Mannviti ehf á Húsavík

Helgi Héðinsson vék af fundi og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi á þessu stigi og heimilar jafnframt áframhaldandi vinnu við drög að deiliskipulagi á grundvelli framlagðra gagna. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna samhliða fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi, þegar hún liggur endanlega fyrir, eins og skipulagslögn nr. 123/2010 mæla fyrir um, áður en sveitarstjórn tekur tillögurnar til umfjöllunar.

2. Kálfaströnd, stígagerð. Umsókn um framkvæmdaleyfi

S20141001

Erindi dags 7. október 2014 frá Davíð Örvari Hanssyni f.h. Umhverfisstofnunar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna stígagerðar í landi Kálfastrandar. Fyrirhugað er að þessu sinni að gera endurbætur á núverandi göngustíg frá bílastæði við afleggjara að bænum að Strípum sem er við vatnsbakka Mývatns. Núverandi stíg verður fylgt í hvívetna og jarðraski haldið í lágmarki. Ætlunin er að breikka stíg í ca 1,5 m og leggja hann malar undirlagi. Gert er ráð fyrir að í þessum áfanga verði lagt á ca 150 m langan kafla frá bílastæðinu og áætlað efnismagn er 30 m³ og verður efnið tekið út námu við Reykjahlíðarflugvöll (Flugvallarnámu). Með umsókn fylgir yfirlitsuppráttur sem sýnir fyrirhugaða framkvæmdasvæði og einnig jákvæðar umsagnir Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands skv. ákvæðum í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 **um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu**. Einnig barst samþykki landeiganda Elínar Einarsdóttur.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið.

3. Grímsstaðir. Tillaga að deiliskipulagi hótellóðar.

S20130101

Tekið fyrir að nýju erindi sem sem barst upphaflega 19. desember 2012 frá Áslaugu Traustadóttur landslagsarkitekt hjá Landmótun, f.h. Islandia hótél ehf., kt. 581105-0610 þar sem óskað var eftir að skilmálum í tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem þá voru til meðferðar verði breytt þannig að í stað tveggja hæða bygginga yrði heimilt að byggja þriggja hæða byggingar. Skipulagsnefnd samþykkti á fundi sínum 15. september s.l. að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi þar sem heimilaðar yrðu þriggja hæða byggingar í stað tveggja.

Innkomin ný gögn dags 9. október, deiliskipulagstillaga, uppdráttur og greinargerð, ásamt umhverfisskýrslu frá Landmótun sf. f.h. Flatskalla ehf.

Lagt fram til kynningar. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu erindisins og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma sjónarmiðum nefndarinnar, í samræmi við umræður á fundinum, á framfæri við skipulagsráðgjafana.

Fundi slitið